



Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjórnarfundur

-12. september 2017-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

Nýr sökkvibíll:

Í júlí keypti Brunavarnir A-Hún. nýja MAN slökkvibifreið frá Þýskalandi. Bíllinn er afar vel útbúinn með nýjustu tækjum og tólum s.s. 6000 lítra vatnstanki og 450 l froðutankur.

Leikskólastjóri:

Nýr leikskólastjóri Ragna Fanney Gunnarsdóttir til starfa í ágúst mánuði meðan að Jóhanna Jónasdóttir fór í árs launalaust leyfi.

Ágústa Hrönn Óskarsdóttir hefur verið ráðin aðstoðaleikskólastjóri.

Framkvæmdir:

Framkvæmdir við Hnjúkabyggð 27

Verið er að ljúka við gluggaskipti og frágang á Hnjúkabyggð 27. Næstu skref er frágangur við gafla og yfir anddyrum. Verið er að skoða endurnýjun dyrasíma og að póstkassar verði utandyra. Stefnt er að því að ljúka málningu á húsinu á næsta ári.

Blönduskóli

Lokið er við málun á nýja skóla og er lokafrágangur við uppsetningu ljósa í gangi. Einnig var farið í viðgerðir á sléttum múrflötum á gamla skóla milli glugga og á vatnsbrettum sem voru farin að láta á sjá. Skólinn hefur tekið miklum stakkaskiptum og er allt ytra byrði hússins komið í gott ástand. Ákveðið var að mála alla glugga á stigahúsinu á nýja skólanum en sleppt því að mála glugga á neðri hæð en stefnt er að því að skipta þeim út fyrir nýja glugga eins og eru á efri hæð.



Ærslabelgur

Settur var upp í snemma sumar ærslabelgur á skólalóðinni. Móttökur hafa verið afar góðar bæði hjá Blönduósingum og ferðamönnum.

Blönduskóli – leiksvæði

Framkvæmdir við jarðvegsskipti fyrir nýjan kastala eru hafnar og skiptist verkið þannig: **Jarðvegsskipti:** Taka þarf í burtu allan blandaðan jarðveg og setja frostfrítt efni. Dýpt á jarðvegsskiptum er í kringum 1 -3 metra.

Uppsetning: Setja þarf saman kastalann og stilla af. Að því loknu verður jarðvegur settur í rétta hæð undir fallvarnarefni sem verður um 60 mm þykkt. Gengið verður frá kanti í kringum svæðið sem fallvörnin er á og settar a.m.k. 2 helluraðir til að styðja við kantinn.

Fragangur: Hellulagt verður milli malbiks og sparkvöll til að draga úr því að mól berist inná svæðið. Þá þarf að þökuleggja hinum megin við malbikið að ærslabelgnum og ganga frá niðurfalli í lágsta punkti við gangstétt/götu.

Verktími: Gera má ráð fyrir að verktími verði allt að 3-4 vikur. Gert er ráð fyrir að verkið verði kynnt í bekkjum og fyrir foreldum þannig að allir passi uppá að taka tillit til þessara aðstæðna. Ekki verður unnið á vélum eða bílum á meðan frímínútur eru í gangi og frekar reynt að lengja vinnudaginn fram undir kvöldmat. Vélavinna tekur 3-5 daga. Eftir það eru ekki stórir bílar á ferðinni nema í undantekningartilvikum.

Endurnýjun heimtauga hjá vatnsveitu

Verið er að ljúka við endurnýjun nokkra heimtauga í efri hluta Melabrautar og Urðarbrautar. Aukinn þrýstingur er komin frá íbúum um endurnýjun heimtauga en eldri lagnir úr járni eru smásaman að stíflast og fellur þrýstingur þá niður inni í íbúðunum. Fara þarf markvist í að klára einstaka götur á næstu árum.

Verndarsvæði í byggð

Unnið hefur verið að verndarsvæði í byggð (Gamli bærinn) á árinu og munu ráðgjafar verða á Blönduósi í lok vikunnar við upplýsingaöflun. Í framhaldi að því er svo stefnt að íbúafundum það sem rýnt verður í vinnu þeirra og leitað álits hjá íbúum um nauðsynlegar



framkvæmdir til að styrkja megi gamla bæjarhlutann. Vætanlegur íbúafundur verður öðru hvoru megin við næstu mánaðarmót.